



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN
Dags. móttöku: 25.06.2014
Alhenti til: FP
Bréfast. til: 13.2.2.
Málsnúmer: 14-09-34

Reykjavík, 23. júní 2014

Póst- og fjarskiptastofnun
b.t. Friðrik Pétursson
Suðurlandsbraut 4, 2.h.
108 Reykjavík

Efni: Ósk um fækkun dreifingardaga til bæja í kringum Fáskrúðsfjörð

Íslandspóstur (ÍSP) óskar eftir því við Póst- og fjarskiptastofnun að fá leyfi til að fækka dreifingardögum úr fimm í þrjá til allra bæja sem tilheyra dreifðri byggð í kringum Fáskrúðsfjörð, en það eru 15 bæir í dag í þjónustu í dag, sjá viðauka með bæjarnöfnum.

Helstu röksemdir fyrir þessari breytingu eru eftirfarandi:

A/B póstur

Um 70% af almennum pósti er sendur sem B póstur og eins líklegt að engum A pósti sé til að dreifa suma dagana.

Fækkun bréfa og aukin rafræn þjónusta

Almennum bréfum hefur fækkað og tæknivæðing á síðustu árum (tölvupóstur, netbankar og bættar samgöngur) hafa leitt til þess að mikilvægi bréfsins sem samskiptamáta hefur minnkað mikið á undanförunum árum. Almenn bréf eru í fæstum tilfellum viðkvæm fyrir tíma.¹

Kostnaðarsöm dreifileið vegna fámennis.

Kostnaður við dreifingu er mjög hár ef kostnaði er deilt niður hvert heimili þar sem þessi sveit eru afar fámenn.

Aksursleiðin/öryggissjónarmið

Aksturleiðin að þessum bæjum liggur um veg nr.955 sem er malarvegur sem getur verið slæmur og seinfarinn yfir vetrartímann. Farið er fyrir Vattarnes og Vattarnesskriður þar sem grjóthrun er ekki óalgengt. Eftir að Fáskrúðsfjarðargöngin komu þá hefur þjónusta Vegagerðarinnar snarminnkað og er nú einungis helmingaskiptamokstur í boði á móti Fjarðarbyggð. Það þýðir í raun að engin regluleg moksturþjónusta er á þessum vegi.

Samræming á þjónustu/fordæmi

Fyrir nokkrum árum var samþykkt beiðni Íslandspóst um fækkun dreifingardaga til íbúa í sveitum sem er þjónað frá Patreksfirði og frá Búðardal (norðan Reykhóla). Þar var óskað eftir breytingum fyrir 37 bæi alls. Því er það í raun mikið ósamræmi á þjónustu að bjóða upp á fimm daga þjónustu þar sem einungis 15 bæir eru á þessari leið.

¹ "time sensitive"

Minni akstur minni mengun

Íslandspóstur er umhverfisvænt fyrirtæki og viðurkennir mikilvægi þess að draga úr hvers konar mengun og telur það skyldu sína að framfylgja því verkefni. Á sl. ári óku landpóstar á vegum Íslandspósts yfir 3,5 milljón kílómetra á bifreiðum sínum, eða að meðaltali 13.570 km hvern virkan dag.

Krafa um hagkvæmni

Í úrskurðarorðum úrskurðarnefndar fjarskipta og póstamála frá 12. júní 2006, segir m.a.:

“Markmið laga um pósthjónustu er að tryggja hagkvæma og virka pósthjónustu um land allt og að allir landsmenn hafi aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustu. Reglur um alþjónustu sem rekstrarleyfishöfum á sviði pósthjónustu ber að veita öllum landsmönnum miða að því að allir sem búi við sambærilegar aðstæður njóti sömu þjónustu. Íslenskir landshættir gera það að verkum að erfiðara er að þjónusta suma hópa en aðra og gert er ráð fyrir því að landfræðilegar aðstæður geti haft áhrif á þá þjónustu sem rekstrarleyfishöfum er skylt að veita.”

Í þessum orðum birtist í hnotskurn það sem umsóknin snýst um. Íslandspóstur á erfitt með að tryggja hagkvæma og virka pósthjónustu ef fyrirtækinu verður gert að halda áfram að bjóða upp á fimm daga þjónustu til staða þar sem í senn er fámenni, dreifð byggð, landfræðilegir erfiðleikar og hár kostnaður. Kostnaður við að þjónusta heimili í sveitum má ekki verða óeðlilega hár enda mun það einungis leiða til kostnaðarhækkana fyrir aðra notendur pósthjónustunnar.

Þjónusta á þessu svæði yrði sambærileg og í Ísafjarðardjúpi, á Barðaströnd sem og á flestum stöðum á Vestfjörðum en þar er 3 daga þjónusta í boði.

ÍSP óskar með bréfi þessu eftir því við Póst- og fjarskiptastofnun að fá leyfi til að fækka dreifingardögum úr fimm í þrjá til bæja á fyrrnefndu svæði frá og með 1. október 2014.

Ef frekari breytingar verða á dreifingartíðni almennt í dreifbýli í framtíðinni þá munu einnig verða breytingar á þessum stöðum til samræmis við það sem ákveðið verður þar.

F.h. Íslandspósts



Hannes St. Guðmundsson
Forstöðumaður rekstrarþróunar
Pósthúsasvið

Viðauki

Listi með bæjum sem eru í þjónustu frá Fáskrúðsfirði, póstnúmer 750.

Fáskrúðsfjörður	750	Dalir 1
Fáskrúðsfjörður	750	Dalir 2
Fáskrúðsfjörður	750	Höfðatún
Fáskrúðsfjörður	750	Gestsstaðir
Fáskrúðsfjörður	750	Tunga 1
Fáskrúðsfjörður	750	Tunga 2
Fáskrúðsfjörður	750	Eyri
Fáskrúðsfjörður	750	Hvammur-Holt
Fáskrúðsfjörður	750	Hvammur-Hóll
Fáskrúðsfjörður	750	Brimnes 1
Fáskrúðsfjörður	750	Brimnes 2
Fáskrúðsfjörður	750	Lækjarmót
Fáskrúðsfjörður	750	Vattarnes
Fáskrúðsfjörður	750	Hafranes
Fáskrúðsfjörður	750	Þernunes

15 bæir